

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

ÚTGÁFUEFNI



Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu annaðist gerð og útgáfu þessarar skýrslu. Leyfilegt er að nota útdrætti úr þessu efni að því tilskildu að heimildar sé greinilega getið.

Þessi skýrsla er fánleg á rafrænu formi til að sem auðveldast sé að nálgast upplýsingarnar hjá: www.european-agency.org

Íslensk þýðing: Þórgunnur Skúladóttir (thorgunn@ritsmidjan.is)

ISBN: (rafræn útg) 87-91811-39-2

EAN: 9788791811395

ISBN: (prentuð útg) 87-91811-38-4

EAN: 9788791811388

2006

Aðalskrifstofa framkvæmdastjórnar ESB á sviði mennta-, starfsþjálfunar- og menningarmála og fjöltyngis styrkti gerð þessarar skýrslu.
http://europa.eu.int/comm/dgs/education_culture/index_en.htm

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Secretariat

Østre Stationsvej 33

DK – 5000 Odense C Denmark

Tel: +45 64 41 00 20

secretariat@european-agency.org

Brussels Office

3 Avenue Palmerston

BE-1000 Brussels Belgium

Tel: +32 2 280 33 59

brussels.office@european-agency.org

www.european-agency.org



Formáli

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu annast gerð ýmiss konar upplýsingaefnis, bæði prentaðra og rafrænna rita, sem og efnis á netinu.

Markmið þessarar starfsemi er að koma á framfæri traustum vitnisburði um sérkennslumál í Evrópu með áreiðanlegum upplýsingum sem hægt er að heimfæra á aðstæður í ýmsum löndum. Helstu markhópar Evrópumiðstöðvarinnar á þessum vettvangi eru stefnumótandi aðilar, sérfræðingar og fagfólk sem hafa áhrif á starf og stefnu á sviði sérkennslu.

Á vefsetri Evrópumiðstöðvarinnar – www.european-agency.org – er hægt að fá textaútgáfur og grafískar útgáfur af EuroNews, fréttabréfi Evrópumiðstöðvarinnar um sérkennslumál (www.european-agency.org/site/info/publications/euronews/index.html), og komast inn í gagnagrunna með ýmiss konar upplýsingum. Þar er t.d. sjónum beint að æðri menntun (www.heagnet.org), stuðningi við sérkennslu í áætlunum og starfsemi Evrópusambandsins (www.european-agency.org/sneinfodesk) eða úrræðum á sviði sérkennslu (www.european-agency.org/rg).

Öll rit Evrópumiðstöðvarinnar eru fánleg á prenti og í rafrænu formi. Notendur geta náð í allt efni Evrópumiðstöðvarinnar ókeypis, jafnt Word-textaskrár sem grafískum Adobe pdf-skjölum, úr Publications-kaflanum á slóðinni: www.european-agency.org/site/info/publications/agency/index.html

Allt efni Evrópumiðstöðvarinnar er gefið út með styrk frá aðalskrifstofu framkvæmdastjórnar ESB á sviði mennta- og menningarmála, starfsþjálfunar og fjöltyngis: http://europa.eu.int/comm/dgs/education_culture/index_en.htm

Í þessum bæklingi er yfirlit yfir efni sem nýlega hefur verið gefið út, gerð er grein fyrir innihaldi þess og hvar það er að finna.

Nánari upplýsingar um útgáfuefni og starfsemi Evrópumiðstöðvarinnar má nálgast hjá aðalskrifstofunni: secretariat@european-agency.org



Einstaklingsbundin umskiptaáætlun

Stuðningur þegar skólagöngu lýkur og farið er út í atvinnulífið

Þessi skýrsla er framhald skýrslunnar „Umskipti úr skóla og út í atvinnulífið“, sem gefin var út af Evrópumíðstöðinni árið 2002.

Skýrslan og gagnvirkur geisladiskur sem henni fylgir er afrakstur umfangsmikils samstarfs sérfræðinga í nítján Evrópulöndum, fulltrúa atvinnulífsins og nemenda með sérþarfir og aðstandenda þeirra.


Skýrslan er fyrst og fremst ætluð fagfólki sem starfar á þessu sviði. Gagnvirki geisladiskurinn er tæki sem hannað er fyrir ungt fólk með sérþarfir sem ætla út á vinnumarkaðinn og getur einnig komið utanaðkomandi fagfólki sem starfar með þessu unga fólk að gagni.

Nánari upplýsingar um einstaklingsbundnar umskiptaáætlanir og umskipti úr skóla og yfir í atvinnulífið er að finna á slóðinni:

www.european-agency.org/transit/

2006

Skýrslan er fáanleg á:
dönsku, eistnesku, ensku, finnsku,
frönsku, grísku, hollensku/flæmsku,
íslensku, ítölsku, lettnesku,
litháensku, norsku, portúgölsku,
spænsku, sænsku, tékknesku,
þýsku og ungversku



Skjót afskipti Rannsókn á aðstæðum í Evrópu Lykilatriði og tillögur


Skjót afskipti er afar mikilvægur þáttur, bæði hvað varðar stefnumótun og í starfi sérfræðinga. Þau snúast um rétt ungbarna og foreldra þeirra á að fá þann stuðning sem þörf er fyrir. Skjót afskipti miða að því að styðja og styrkja barnið, aðstandendur þess og þá þjónustu sem um er að ræða. Með þeim er stuðlað að því byggja upp samheldið samfélag án aðgreiningar þar sem réttindum barna og aðstandenda þeirra er sinnt.

Í þessari skýrslu er samantekt á lykilatriðum varðandi skjót afskipti í nítján Evrópulöndum sem greind voru í rannsókn Evrópumiðstöðvarinnar á árunum 2003 og 2004. Hér er einnig að finna ýmsar tillögur sem beint er sérstaklega til sérfræðinga sem starfa á þessu sviði; þær innihalda hagnýtar hugmyndir sem vert er að íhuga og koma viðkomandi aðilum til góða í starfi.

Nánari upplýsingar um skjót afskipti í Evrópu er að finna á slóðinni:
www.european-agency.org/eci/eci.html

2005

Skýrslan er fáanleg á:
dönsku, eistnesku, ensku, finnsku,
frönsku, grísku, hollensku/flæmsku,
íslensku, ítölsku, lettnesku,
litháensku, norsku, portúgölsku,
spænsku, sænsku, tékknesku,
þýsku og ungversku



Nám án aðgreiningar og skólastarf í efri bekkjum grunnskóla (11 til 14 ára nemendur)

Nám án aðgreiningar og kennslustarfið í efri bekkjum grunnskólans er verkefni sem unnið er í framhald á því starfi sem þegar hefur farið fram í yngri bekkjum grunnskóla. Megininntak þessarar rannsóknar er skilvirkt starf í kennslustofunni hvað varðar nám án aðgreiningar í efri bekkjum grunnskólans.

Fjöldi atriða um þróun náms án aðgreiningar í efri bekkjum grunnskólans er skilgreindur út frá alþjóðlegri umfjöllun í tímaritum, tilviksathugunum frá fjórtán Evrópulöndum, heimsóknum sérfræðinga til fimm landa, sem og ýmsum umræðum sem bæði sérfræðingar og verkefnastjórar Evrópumíðstöðvarinnar hafa tekið þátt í. Líta má á fyrirliggjandi niðurstöður sem hugsanlegar aðferðir til að endurbæta nám án aðgreiningar í efri bekkjum grunnskólans.

Meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að í efri bekkjum grunnskólastigsins sýni það sig að það sem reynist nemendum með sérþarfir vel reynist öllum nemendum vel.

Nánari upplýsingar um nám án aðgreiningar og kennslustarfið í Evrópu er að finna á slóðinni: www.european-agency.org/iecp/iecp_intro.htm

2005

Skýrslan er fáanleg á:
dönsku, eistnesku, ensku, finnsku,
frönsku, grísku, hollensku/flæmsku,
íslensku, ítölsku, lettnesku, litháensku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku, tékknesku, þýsku
og ungversku



Sjónarmið ungs fólks varðandi sérkennslu Niðurstöður fyrirspurnarþings hjá Evrópuþinginu

Fyrirspurnarþing Evrópuþingsins fyrir ungmenni með sérþarfir í námi fór fram í Brussel 3. nóvember 2003. Evrópumíðstöðin stóð að skipulagningu þess með stuðningi menntamálaráðherra allra aðildarlanda sinna og framkvæmdastjórnar ESB og var það einn meginviðburðurinn í tilefni af ári fatlaðra í Evrópu.

146 fulltrúar frá 23 löndum tóku þátt í þinginu, þar á meðal 72 ungmenni með sérþarfir í námi. Ungu fólkið var tilnefnt af menntamálaráðuneytum viðkomandi landa til að kynna sjónarmið sín varðandi sérkennslu.

Umræðurnar á þinginu voru hljóðritaðar og í þessari skýrslu eru settar fram helstu hugmyndir og málefni sem ungu fólkið fjallaði um. Samantekt er í hverjum kafla á ýmsum tungumálum.

2005

Útgáfa með upplýsingum á:
dönsku, eistnesku, ensku, finnsku,
frönsku, grísku, hollensku/flæmsku,
íslensku, ítölsku, lettnesku,
litháensku, norsku, portúgölsku,
spænsku, sænsku, tékknesku
og þýsku



Lykilorð og hugtök innan sérkennslufræði Orðasafn


Hér er á ferð orðasafn yfir lykilorð og hugtök á tuttugu tungumálum. Öll eru þau tekin upp úr skýrslum og rannsóknarverkefnum Evrópumíðstöðvarinnar. Um er að ræða almenn hugtök sem og hugtök á sviði náms án aðgreiningar, skjótra afskipta, stuðnings við kennara, umskipta, upplýsinga- og samskiptatækni og mats/úttekta.

Upprunaleg útgáfa þessa orðasafns var unnin af Evrópumíðstöðinni með aðstoð fulltrúa í ráði hennar og verkefnisstjóra og sérfræðinga í viðkomandi löndum sem starfa innan ramma þeirra verkefna sem studd eru af aðalskrifstofu framkvæmdastjórnar ESB á sviði upplýsingatækni: [_](#)

Unnið var að þessari endurskoðuðu og auknu útgáfu í samvinnu við fulltrúaráð Evrópumíðstöðvarinnar, verkefnisstjóra í viðkomandi löndum og sérfræðinga á viðkomandi sviðum hjá Evrópumíðstöðinni.

2005

Útgáfa með upplýsingum á:
dönsku, eistnesku, ensku, finnsku,
frönsku, grísku, hollensku/flæmsku,
ungversku, íslensku, ítölsku,
lettnesku, litháensku, norsku,
portúgölsku, pólsku, slóvakísku
spænsku, sænsku,
tékknesku og þýsku



Sérkennsla í Evrópu árið 2003 Stefnan í átján Evrópulöndum


Hér er um að ræða uppfærða útgáfu af skýrslu Evrópumistöðvarinnar um úrræði á sviði sérkennslu frá 1998. Rannsóknin og skýrslan varpa ljósi á stöðu mála varðandi stefnu og starf á sviði sérkennslu í Evrópulöndunum.

Markmið rannsóknarinnar var að endurmeta stöðu sérkennslu í aðildarríkjunum og bera hana saman við niðurstöður skýrslunnar frá 1998. Niðurstöðurnar ná yfir aðstæður í átján löndum til ársins 2002.

Rannsóknin beinist að tilhneigingu og þróun varðandi úrræði fyrir nemendur með sérþarfir í þessum löndum og kemur öllum stofnunum og stefnumótendum einstakra landa og á alþjóðavísu að gagni.

2003

Aðeins á ensku



Lykilatriði á sviði sérkennslu Leiðarvísir fyrir stefnumótandi aðila

Stefnumótandi aðilar á sviði menntamála hafa unnið þessa skýrslu fyrir stefnumótendur. Hér er á hnitmiðaðan hátt gerð grein fyrir þeim lykilatriðum á sviði stefnumótunar í sérkennslu sem virðast skila árangri þegar um er að ræða nemendur með sérþarfir sem stunda eiga nám án aðgreiningar í almennum skólum.

Þau lykilatriði varðandi stefnu á sviði náms án aðgreiningar sem hér er fjallað um eru öll vel ígrunduð. Niðurstöður samantektarinnar byggjast á þemavinnu Evrópumíðstöðvarinnar og spanna ýmsa málaflokka: Urræði, fjárveitingar, stuðning við kennara, skjót afskipti, upplýsinga- og samskiptatækni, umskipti úr skóla og yfir í atvinnulífið og starfið í skólastofunni.

Þessu riti er ætlað að styðja þá þróun sem á sér stað á sviði náms án aðgreiningar og vísa þeim sem hafa með höndum að móta og útfæra stefnu á sviði sérkennslu á leiðir sem mikilvægt er að þeir hafi í huga í starfi sínu.

2003

Skýrslan er fánleg á:
dönsku, ensku, finnsku,
frönsku, grísku, íslensku,
ítölsku, hollensku/flæmsku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku og þýsku



Sérkennsla í Evrópu

Efnistengt rit

(Gefið út í samvinnu við Eurydice,
upplýsinganetið um menntamál í Evrópu)

Hér er á ferð efnistengt rit sem veitir yfirlit yfir mikilvægar upplýsingar varðandi fimm meginmálaflokka á sviði sérkennslu: Nám án aðgreiningar, fjárveitingar til sérkennslu, stuðning við kennara, upplýsinga- og samskiptatækni og skjót afskipti.

Megintilgangurinn með þessu riti er sá að þær upplýsingar sem fyrir hendi eru á þessum sviðum nái til fleiri landa. Í þessu riti er ekki litið á sérkennslumálefni með einhverja tiltekna skilgreiningu eða skoðun í huga. Hér er þeirri aðferð beitt að taka tillit til allra skilgreininga og sjónarmiða í umræðunni um starfið á þessum fimm megin sviðum.

Upplýsingum hefur verið safnað með því að afla greinargerða frá viðkomandi löndum um hvern málaflokk, en Evrópumíðstöðin annaðist undirbúning. Ritstjórn fór fram hjá Evrópumíðstöðinni og naut hún fyrst og fremst framlaga frá þeim landsdeildum Eurydice sem ekki eiga sér fulltrúa hjá Evrópumíðstöðinni. Efni frá öllum landsdeildum Eurydice var einnig tekið með.

2003

Skýrslan er fáanleg á:
dönsku, ensku, finnsku,
frönsku, grísku, íslensku,
ítölsku, hollensku/flæmsku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku og þýsku



Nám án aðgreiningar og árangursríkt starf í kennslustofunni (Grunnskólanám)

Þessi skýrsla inniheldur yfirlit yfir niðurstöður fyrri hluta verkefnisins um starfið í kennslustofunni. Í verkefninu var lögð áhersla á að gera grein fyrir því hvernig kennsla án aðgreiningar fer fram og koma upplýsingum þar að lútandi á framfæri, þannig að kennarar í Evrópu geti í auknum mæli útfært slíkt starf.

Rannsóknin var gerð á grundvelli tveggja meginspurninga: Hvernig er hægt að koma til móts við mismunandi getu nemenda og hvernig er hægt að undirbúa og skipuleggja starfið í almennum skólum þannig að hægt sé að sinna nemendum með sérþarfir?

Verkefnið um starfið í kennslustofunni mun einkum vekja áhuga fagfólks sem starfar á sviði sérkennslu þar sem hagkvæmnisjónarmið varðandi úrræði og kennslustarf eru þar í fyrirrúmi.

Nánari upplýsingar um nám án aðgreiningar og kennslustarfið í Evrópu er að finna á slóðinni: www.european-agency.org/iecp/iecp_intro.htm

2003

Skýrslan er fánleg á:
dönsku, ensku, finnsku,
frönsku, grísku, íslensku,
ítölsku, hollensku/flæmsku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku, þýsku og ungversku





Greining á umsóknum um SÓKRATES- styrk með tilliti til sérþarfa í námi og markviss ásetnings þar að lútandi

essi skýrsla inniheldur meginniðurstöður rannsókna sem Evrópumíðstöðin annaðist á vegum mennta- og menningamáladeildar framkvæmdastjórnar ESB: http://europa.eu.int/comm/dgs/education_culture/index_en.htm

Rannsóknin byggðist á greiningu á fjölda Sókrates-umsókna þar sem um sérþarfir í námi var að ræða og borin voru kennsl á þær umsóknir sem augljóslega sýndu markvissan ásetning með tilliti til sérþarfa.

Markmið rannsóknarinnar var að skilgreina stærðir eða viðmiðanir til að efla þátttöku nemenda og kennara með sérþarfir innan ýmissa þátta Sókrates-áætlunarinnar, bæði hvað magn og gæði varðar. Skilgreindar viðmiðanir verða hafðar að leiðarljósi við val á góðum umsóknum í framtíðinni. Þær munu gagnast framkvæmdastjórn ESB, þjónustuskrifstofunni í Brussel, landsskrifstofunum, sem og væntanlegum umsækjendum að Sókrates-áætluninni.

2003

**Skýrslan er fánleg á:
ensku, finnsku, frönsku,
grísku, hollensku/flæmsku,
íslensku, ítölsku, portúgölsku,
spænsku, sænsku (sænska
útgáfan er aðeins útdráttur)**





Umskipti úr námi og út á atvinnumarkað

Helstu vandamál, viðfangsefni og möguleikar sem blasa við nemendum með sérþarfir í sextán Evrópulöndum

Þetta efni var valið af aðildarlöndum Evrópumíðstöðvarinnar vegna þeirra vandamála sem tengjast þjálfun, færni og atvinnumöguleikum ungs fólks með sérþarfir.


Í skýrslunni er gerð grein fyrir þremur þáttum. Í fyrsta lagi helstu vandamálum sem nemendur, fjölskyldur þeirra og fagfólk stendur frammi fyrir þegar skólagöngu lýkur og farið er út í atvinnulífið. Í öðru lagi þeim lykilatriðum sem vinna þarf að á sviði þessara umskipta með tilliti til ríkjandi vanda. Og síðast en ekki síst þeim meginþáttum sem virðast annaðhvort stuðla að eða koma í veg fyrir vel heppnað umskiptaferli.

Rannsóknin leiddi til þess að tillögum var beint til stefnumótenda og fagfólks um tilhögun á því hvernig umskipti skulu fara fram í framtíðinni. Þessar tillögur miða að því að veita leiðbeiningar um hvernig vinna má betur að því að þróa og útfæra umskiptaferlið.

Nánari upplýsingar um umskiptaferli í Evrópu er að finna á slóðinni: www.european-agency.org/transit/

2002

Skýrslan er fáanleg á:
dönsku, ensku, finnsku,
frönsku, grísku, íslensku,
ítölsku, hollensku/flæmsku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku og þýsku



Upplýsinga- og Samskiptatækni á sviði sérkennslu Þróunin í sautján Evrópulöndum

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir meginniðurstöðum viðamikillar rannsóknar í Evrópu um notkun upplýsinga- og samskiptatækni á sviði sérkennslu. Í skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir bæði hagnýt og pólitísk málefni er varða notkun upplýsinga- og samskiptatækni við sérkennslu þá verði bæði kennarar og stuðningsaðilar að taka þátt í að móta stefnu og framkvæmd. Slíkt felur einnig í sér að kennarar og annað skólafólk ætti að taka þátt í að móta þá tækni sem notuð er í starfi þeirra með nemendum með sérþarfir.

Frá sautján löndum berast þær upplýsingar að ekki sé ávallt tekið tillit til hagsmuna og þarfa notenda, bæði á alþjóðavísu (einkum innan ESB), innan einstakra landa, svæða og jafnvel skóla, og að meira starf þurfi að inna af hendi til að ýmsir hópar eigi auðveldara með að ræða saman.

Farið er inn í upplýsingaveituna um upplýsinga- og samskiptatækni á sviði sérkennslu á slóðinni: www.european-agency.org/ict_sen_db/

2001

**Skýrslan er fánleg á:
dönsku, ensku, finnsku,
frönsku, grísku, íslensku,
ítölsku, hollensku/flæmsku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku og þýsku**



Sérkennsla og fjárveitingar

Rannsókn gerð í sautján löndum á samhengi milli fjárveitinga til sérkennslu og skóla án aðgreiningar


Ýmsir þættir valda því að nám án aðgreiningar er mismunandi, bæði innan einstakra landa og milli landa. Í þessari skýrslu er sjónum beint að því hvernig kennsla – einkum sérkennsla – er fjármögnuð. Rannsóknin gengur út á að greina mismunandi fjárveitingakerfi út frá upplýsingum frá sautján Evrópulöndum og skoða hvaða áhrif þau hafa á fjárveitingu til náms án aðgreiningar.

Reynt er að kanna tengslin milli fjárveitingar og náms án aðgreiningar með því að setja fram lýsingu á framkvæmd sem nota má til að leita nýrra leiða til að endurskipuleggja fjárhagsstefnu sem hvetur til náms án aðgreiningar.

Rannsóknin sýnir að fjárveiting til sérkennslu er einn mikilvægasti þátturinn þegar ákvarðanir um nám án aðgreiningar eru teknar. Ef fjárveiting er ekki í samræmi við yfirlýsta stefnu er ólíklegt að slíkt nám geti orðið að veruleika. Ósamræmi milli stefnu og hagnýtrar útfærslu á námi án aðgreiningar getur stafað af því hvernig fjárveitingakerfið er samsett.

1999

Skýrslan er fáanleg á:
ensku, frönsku og þýsku



Stuðningur við kennara

Fyrirkomulag á stuðningi við kennara sem sinna sérkennslu innan almenna skólakerfisins

Stuðningur við kennara er lykilatriði við aðlögun nemenda með sérþarfir í almenna skólakerfinu. Þessi skýrsla gefur heildaryfirlit yfir það hvernig stuðningi við kennara er háttað í sautján aðildarlöndum.

Í skýrslunni er stuðningur við kennara fyrst og fremst talinn byggjast á starfsaðstæðum og yfirlýstum þörfum þeirra, aðferðum sem kunna að veita þeim stuðning, sem og kennaranáminu. Gengið er út frá því að stuðningur beinist ekki eingöngu að nemendum, heldur þurfi að huga að kennurum og stuðla að því að þeir auki hæfni sína.

Niðurstöðurnar eru af tvennum toga. Í fyrsta lagi varðandi stuðning, þ.e. hvenær og hvernig stuðningur er veittur, hver fær hann, hvaða sérfræðingar eða þjónustuaðilar veita stuðning og í öðru lagi mismunandi möguleikar á námi á sviði sérkennslu.

1999

Skýrslan er fáanleg á:
ensku og frönsku

